ÚRELT FORM

Samsýning F.Í.M. á Kjarvalsstöðum

Myndlist



Um þessar mundir hanga 142 listaverk eftir 35 listamenn á veggjum Kjarvalsstaða. Fjórir listamenn, þau Björg Þorsteinsdóttir, Hildur Hákonardóttir, Hrólfur Sigurðsson og Ragnar Kjartansson mynda kjarna sýningarinnar. Þessi hugmynd gefur sýningunni meiri heildarsvip og listunnendum gleggri innsýn í listsköpun viðkomandi listamanna.

Hlutverk

En hver er tilgangur slíkrar samsýningar? Gefa Íslendingum heildaryfirlit á listsköpun líðandi stundar eða ungum kröftum vettvang fyrir frumraunir sínar?

Þegar litið er yfir haustsýningu F.Í.M. kemur fljótt í ljós að sýningin inniheldur fá ,,stór nöfn'' í íslenzkri nútímalist. Og sú spurning vaknar hvort F.Í.M. sé eins konar millibilsástand á félagslegum ferli listamannsins. Ungur vill hann ólmur komast inn í félagið, en nokkru seinna vill hann aftur út! Félagssýning F.Í.M. gefur því á engan hátt þverskurð af stöðu íslenzkra sjónmennta 1981.

Þegar rætt er um hlutverk samsýninga hér á landi verður fyrst að gera grein fyrir félagslegri stöðu íslenzkra listamanna sem er mjög sérstæð í evrópsku menningarlífi. Hér á landi skortir allar ytri félagslegar aðstæður svo sem listdreifingarkerfi, smáa sýningarsali sem taka að sér listamenn, listtímarit og annað hefðbundið listverzlunarmunstur. Í samfélagi okkar er listamaðurinn allt í öllu: skapandi, sýningarskipuleggjari, sölumaður og jafnframt listskrifari. Þá getur sérhver listamaður sýnt verk sín hvar sem hann vill, hvenær sem hann vill, burtséð frá öllu listrænu mati. Þannig getur hinn ungi óreyndi listamaður komið á framfæri listhugmyndum sínum án þess að félagssýning F.Í.M. komi til. Jafnframt liggur það í hlutarins eðli að í listsamfélagi þar sem eru á hreyfingu mismunandi, jafnvel andstæðar, listhugmyndir, bæði formgerðarlega og heimspekilega, breytast hlutverk og form samsýninga. Það verður að skilgreina samsýningarhugtakið á nýjan leik.

Það ætti að vera ljóst að hið venjubundna samsýningarform, þar sem markmiðið er að hengja upp sem flestar og ólíkastar myndir, er orðið úrelt.

Þessi staða er ekki ókunn stjórn F.Í.M. sem hefur tekið upp þann hátt að mynda sýningarkjarna á hverri sýningu og reyna þannig að gefa þeim ákveðnara inntak. Auðvitað er þetta spor í rétta átt. En í raun þarf að ganga enn lengra og sýna eingöngu útvalda kjarna, breytilega frá ári til árs, fleiri listamenn með fleiri myndir. Þá gæfist einnig tækifæri til að vinna sýninguna eftir temum, árum, stefnum og sameiginlegum myndrænum vandamálum með fjölbreytilegar niðurstöður. Þannig yrði sýningin bæði skýrari og ánægjulegri fyrir áhorfendur.

Innihald

Eins og áður segir er sýningin samansett úr ólíkum listhugmyndum sem oft ganga út frá gjörólíkum listrænum forsendum. Haustsýning F.Í.M. er því augljóst dæmi um að íslenzk list er ekki lengur sú hugmyndalega einstefna sem við höfum lengi þekkt.


Á sérhverjum tíma hafa verið til íslenzkir listamenn sem ávallt hafa þurft að tileinka sér listhugmyndir erlendra listamanna án þess að vinna persónulega úr viðkomandi hugmyndum. Árum saman hafa þessir listamenn „komizt upp með'' ópersónuleg myndverk, eflaust vegna skorts hjá almenningi á listrænum upplýsingum frá öðrum þjóðlöndum.

En í dag er öðruvísi farið og listhugmyndir sem aðrar hugmyndir streyma milli ólíkra menningarsvæða. Það er því furðulegt að sjá verk eins og ,,Drjóli'' og „Par avion'' á samsýningu F.Í.M. Þetta eru 26 ára gamlar hugmyndir sem teknar eru hráar frá popp-listamönnunum Jasper JOHNS og Claes OLDENBURG. Listsköpun JOHNS er beint framhald af ready-made hugleiðingum Duchamp um listhugtakið þar sem reynt er að brjóta upp inntak þess með því að rugla vísvitandi saman spurningum líkt og ,,er myndin mynd af hlut'' eða ,,er myndin sjálf hlutur''? Út frá þessu listheimspekivandamáli gerði JOHNS heimsfrægar myndir líkt og málverk ,,af'' ameríska fánanum í upprunalegum hlutföllum með ögn expressioníska pensilskrift. Þá hefur OLDENBURG gert urmul af listaverkum sem eru stækkanir á hversdagslegum ópersónulegum hlutum. Þessar hugmyndir þeirra popp-félaga áttu eftir að hafa mikil áhrif á mótun conceptlistar.

Þá vekja undrun conceptverk þeirra Hauks og Harðar sem eru andstæð eðli conceptlistar, óskýr og ruglingsleg í hugsun. Það er greinilegt að þeir félagar hafa ekki gert sér fyllilega grein fyrir hugmyndalegum grunni conceptlistar heldur tileinkað sér aðeins ytri formgerð.

Þó að hluti af þessum ,,listsýnishornum'' á samsýningu F.Í.M. gefi lítt spennandi mynd af íslenzkri samtíðarlist höfum við ,,kjarnann'' sem gefur sýningunni ákveðið gildi.


Björg Þorsteinsdóttir sýnir verk sem hún nefnir ,,Bréf frá Ástralíu'' og er gert úr grafík og acryl. Listaverkið er sett saman úr 18 sjálfstæðum myndum. Þær mynda lokað ferli, afmarkað með gulum lit í fyrstu og síðustu mynd, sem gefur seríunni ákveðna hringrás. Formrænt er verkið tvíþætt, annars vegar ritmál (hér er um að ræða sama formið í tvöföldum lestri) sem breytist í gegnum myndferlið. Formið hefur þannig fengið eiginlegt inntak (Ástralía) með ákveðinni skírskotun til hins óumbreytanlega ritmáls sem er inntak titilverksins. Form — Ástralíuform, skrift — texti og titill eru sem eitt þannig að myndbygging-in er ekki aðeins grind heldur einnig hluti af myndlestrinum.



Gras II eftir Hildi Hákonardóttur.



Frá Grænlandi eftir Hrólf Sigurðsson.



Hallsteinn eftir Ragnar Kjartansson.

Ólíkt hefðbundnum conceptverkum notar Björg sjálfstæða tjáningarmöguleika efnisins. Skrift textans er útfærð með maleríska pensilskrift á sama tíma og aðalformið fær óljósa formgerð til að draga fram hreyfigildið. Þannig leiðir efnismeðferðin fram ljóðræna stemmningu og því ekki tilfinningalegar víddir ,,Bréfsins frá Ástralíu''.


Hildur Hákonardóttir sýnir 12 myndverk. Flest verkin eru í hennar venjubundna stíl, alþýðustíl sem einkennist af lítilli efnis- og tæknimeðferð. Þessi ,,stíll'' gefur litla möguleika til úrvinnslu í listsköpun Hildar. Þá hefur myndefnið einnig rýrnað, misst sinn félagslega brodd, svo að eftir standa saklausar náttúrustemmningar. En þetta eru verk frá 1978. Og Hildur sýnir hér aðra náttúru frá 1981. Það er conceptverk Gras II gert úr blönduðu efni. Hildur raðar á gólfið 16 boxum með hvítu og grænu grasi (dautt, lifandi) sem er sett reglulega í annað hvort boxið. Síðan tekur hún eitt boxið með grænu grasi og setur inn í staðinn ljósmynd af sláttumanni. Myndferlið er því: hvítt gras — grænt gras — sláttumaður (þetta ferli getur líka verið lesið sláttumaður — grænt gras — hvítt gras). Ljósmyndin af sláttumanninum er lykill verksins. Hún er bæði hluti af myndbyggingunni og aðalsögn inntaksins. Það eru vissulega til margar skýringar á þessu verki en þó kemur fljótt í hugann ákveðin skírskotun til eilífðarhugrenninga um lífið og dauðann. Það er eflaust vegna nálægðar sláttumannsins við bókmenntalíkingar sem finnast oft í íslenzkum trúarbókmenntum.

Þetta er skemmtilegt framhald af vefnaði Hildar en bæði verkefnin sýna tengsl við íslenzk efni og þjóðlega hætti.

Ragnar Kjartansson sýnir okkur andlitsmyndir. Hér er um að ræða ævagamla hefð, eða allt frá Rómverjum. Þeir hlóðu fyrstir andlitshöggmyndirnar raunsæi og persónulegum tilfinningum og lögðu grunninn að nútíma andlitshöggmyndalist. Ragnar tekur öðruvísi á verkefninu og virðist leggja megináherzlu á að ná svip fyrirmyndarinnar. Og það tekst honum. En þetta markmið kemur niður á forminu sjálfu sem virkar lítt unnið. Þá vinnur Ragnar afar þröngt með sömu andlitsformin, stórar kinnar og kringluleit andlit. Myndin af Hallsteini stendur sér á báti þar sem Ragnar nýtir vel formræna möguleika og gefur andliti Hallsteins tjáningu og hrjúfa efnismeðferð. Það er greinilegt að andlitin fengju stærri sögn og dýpri tjáningu ef lögð yrði meiri áherzla á formræna úrvinnslu.

Hrólfur Sigurðsson sýnir 9 olíuverk. Þetta eru allt expressionísk málverk, mikið unnin af nákvæmni og natni. Hrólfur notar í myndverkum sínum hefðbundna myndbyggingu, en inntak verksins liggur í litnum. Hann er lagður á léreftið með kvikri pensilskrift, en þó ekki með hröðum vinnuaðferðum expressionistanna. Það myndast því eins konar togstreita milli myndgerðarinnar, sem er kvik og djörf, og myndaðferðarinnar sem virðist hæglát, nákvæm og leitandi. Hrólfur hefur fundið sína litatóna og persónulega stöðu í íslenzku landslagsmálverki.

Gunnar B. Kvaran.



Bréf frá Ástralíu eftir Björgu Þorsteinsdóttur.

DB-myndir: Einar Ólason.